



DEILISKIPULAG VIÐ AÐALTÚN, BREYTING



GILDANDI DEILISKIPULAG, HLUTI M. 1 : 500

Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 19. ágúst 1987.



BREYTT DEILISKIPULAG M. 1 : 500

Greinargerð um skipulagsbreytingu

Deiliskipulagið frá 1987 tók til lóðanna nr. 2 til 24 við Aðaltún. Lóðir nr. 2-4 hafa þó aðkomu frá Hlíðartúni, og nr. 18-20 hafa aðkomu frá Hamratúni. Lóðirnar byggðust allar skv. skipulaginu fljótlega eftir samþykkt þess nema parhúsalóðin nr. 2-4 sem enn er óbyggð.


Eigendur húsanna nr. 6 og 8 hafa óskað eftir því að lóðir þeirra verði stækkaðar til suðurs á kostnað nr. 2-4 og hafa bæjaryfirvöld tekið jákvætt í ósk þeirra, en þó með það að forsendu að lóðarstækkunin verði ekki meiri en svo, að mögulegt verði að byggja einbýlishús þar sem skipulagið gerði ráð fyrir parhúsi á nr. 2-4, og er tillaga þessi að breytingu á deiliskipulagi við það miðuð.

Nánar tiltekið felur tillagan í sér þessar breytingar:

- Lóðir nr 6 og 8 stækka til suðvesturs, mest um 5,3 m, en breytingin deyr út í SA-homi lóðar nr. 8.
- Stígur við suðvesturmörk þessara lóða færast samsvarandi og verður 2 m breiður.
- Í stað parhúsalóðarinnar nr. 2-4 kemur lóð fyrir einbýlishús, einnar hæðar með nýtanlegri rishæð. Innbyggður bílskúr má standa 2,5 m framúr aðalbyggingarreit, sbr. uppdrátt.
- Hámarksstærð einbýlishússins er 250 m² (birt stærð). Mænishæð skal ekki vera meiri en 7,0 m og veggghæð langhliða ekki meiri en 4,0 m. Við útlitshönnun hússins skal þess gætt að það falli vel að umhverfi sínu og virki ekki framandi í hverfinu.
- Skipulagið er sett fram á nýjum grunni úr landupplýsingakerfi Mosfellsbæjar.

Skýringar við breytt deiliskipulag

- Mörk skipulagsbreytingar
- Lóðir, lóðarmörk
- Eldri lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Bílastæði á lóð
- Kvöð um lagnir
- Núverandi hús
- Gata, gangstétt, stígur
- Opið svæði



AÐALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2002 - 2024, HLUTI M. 1 : 15.000



LOFTMYND, STAÐA HVERFISINS 2009. M. 1 : 1.200

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hlotið hefur meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 23. nóvember 2011.

[Haraldur Sverrisson \(sign\)](#)

Bæjarstjóri

Skipulagsbreytingin tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.1.2012

Breyting eftir grenndarkynningu: Framsetning fyrir lóð 2A leiðrétt samkvæmt ábendingu (opið svæði → lóð, byggingarreitur).



UMHVERFISSVIÐ MOSFELLSBÆJAR

AÐALTÚN, BREYTING
Á DEILISKIPULAGI

Breyting varðar lóðir nr. 2-4 og 6-8

Mælikvarðar: 1 : 500; 1 : 1.000; 1 : 15.000
Dags.: 15. september 2011
Teiknað: FB